

Stjórnarfundur ÍBA

Haldinn 7.janúar 2013 kl. 16.30 að Glerárgötu 26



Fundinn sátu: Þröstur Guðjónsson, Haukur Valtýsson, Margrét Ólafsdóttir, Magnús Gauti Gautason, Áslaug Kristjánsdóttir og Þóra Leifsdóttir framkvæmdastjóri.

Gestir fundarins voru: Íþróttafulltrúi Akureyrarbæjar Ellert Örn Erlingsson og frá UFA þau Gunnar Gíslason, Þröstur Már Pálmason, Theodóra Kristjánsdóttir, Rannveig Oddsdóttir og Gyða Árnadóttir. Frá UMFÍ Ómar Bragi Stefánsson.

Þröstur setti fundinn og bauð gestina velkomna.

1. Unglingalandsmót á Akureyri 2015

Boðað var til þessa fundar með Íþróttaráði, íþróttafulltrúa, fulltrúum frá UFA, stjórn ÍBA og Ómari Braga Stefánssyni landsfulltrúa UMFÍ til að fara yfir ýmsa þætti sem snúa að undirbúningi og framkvæmd unglíngalandsmóta. Ómar Bragi fór yfir málefni fundarins og fara helstu atriði úr erindi hans hér á eftir.

Unglingalandsmótið á Akureyri verður nr. 17 í röðinni og fer fram dagana 31.7.-2.8 2015. Var haldið á Selfossi 2012, verður á Höfn 2013 og Sauðárkróki 2014. Búist er við allt að 10-15 þúsund gestum. Landsmót eru ein stærsta fjölskulduhátíð landsins og þau hafa gríðarlegt forvarnargildi. Mótin eru vímuefnalaus og áhersla er á að það sé tekið alvarlega.

UFA er mótshaldari með aðkomu UMFÍ. Gerður er samningur milli UFA og UMFÍ annars vegar og UFA og Akureyrarbæjar hins vegar. Aðkoma Akureyrarbæjar snýst um að leggja til keppnisstaði með starfsmönnum, tjaldsvæði með hreinlætisaðstöðu og rafmagni, þátttöku í kynningu og dagskrá (ekki íþrótt). Á vegum UMFÍ verður framkvæmdastjórinn Ómar Bragi, verkefnastjóri sem verður ráðinn, ýmis búnaður (t.d. er til 50x30m risatjald) og megin kostnaður við markaðssetningu. UMFÍ kemur einnig að fjármögnun og vinnur að samstarfi en mótshaldari nálgast samstarfsaðila heima fyrir.

Ómar Bragi sýndi grófa fjárhagsáætlun. Þátttökugjald var 6000kr x 2000 í fyrra en það er það eina sem verður rúkað – annað er frítt fyrir alla og öllum opill. Áætlaður hagnaður verður eftir hjá mótshaldara og mælti hann með að skipting hagnaðar yrði ákveðin fyrirfram. Haldið verður utan um vinnustundir allra, sem yrði hugsanlega grunnur fyrir hagnaðarskiptingu.

Unglingalandsmótsnefnd verður skipuð fulltrúum UFA, Akureyrarbæjar og UMFÍ. Og samanstendur af eftirtöldum: formaður, ritari, gjaldkeri, keppnisstjóri, tjaldbúðarstjóri, öryggisstjóri, svæðisstjóri, veitingastjóri, afþreyingarstjóri, mótaskrá og ýmis útgáfa. Sérgreinastjórar eru mikilvægir, þeir stýra frá a-ö bæði undirbúningsferli og á mótinu sjálfu, einn fyrir hverja keppnisgrein.

Þátttakendur geta keppt í eins mörgum greinum og þeir vilja og greinarnar sem hefur verið boðið upp á eru: Dans, fimleikar, frjálssar, glíma, golf, hestaíþróttir, knattspyrna, körfubolti, motocross, skák, starfsíþróttir (stafsetning, upplestur), sund, taekwondo og íþróttir fatlaðra (frjálssar, boccia sund). Fram kom að á Akureyri verður bætt við t.d. skautum, siglingum ofl.

Keppnissvæðin - huga þarf að fjarlægðum á milli staða. Gert er ráð fyrir mjög stóru móti. 11-18 ára geta tekið þátt, óháð búsetu og fyrri þátttöku í íþróttum. T.d. hafa verið búin til lið ef einstaklingar skrá sig án liðs og eru liðsstjórar með hverju liði (ekki endilega þjálfari). Sérstakir tjaldbúðarstjórar eru með hverjum hóp og eru heimamenn líka á tjaldevæðum. Áhersla er á góða gæslu.

Dagskráin er gróflega þannig: Fimmtudagur 31.júlí er komudagur. Föstud.-sunnud eru íþróttakeppni og skemmtidagskrá allan daginn og kvöldvökur. Mótinu lýkur með mótsslitum og flugeldasýningu á sunnudagskvöldinu.

Sjálfbóðaliðar eru mikilvægir og fjölbreytt störf í boði. Ómar Bragi nefndi dæmi að á síðasta móti voru 650 sjálfbóðaliðar sem skiluðu 8.096 klst vinnu, þar af við mótið 6015 og við undirbúning og frágang 2081 klst, veitingasala 855 klst. Hann sagði mikilvægt að kynna vel fyrir öllum að hagnaðurinn verður eftir í grasrótinni. Mikilvægt að sátt sé um mótið og allir leggist á eitt.

Næstu skref- að manna nefndina og ráða sérgreinastjóra. Leita eftir styrkjum t.d. ef vantar búnað á keppnisstöðum. (ss klukku í sundlauginni og þ.h.)

Til er góður gagnabanki um þátttökuna og framkvæmdina, sem gott aðgengi er að. Einnig myndefni t.d. fyrir fjölmiðlun og kynningu.

Rætt var um að kynna þetta á formannafundi en þó kynna þátttöku á næsta móti fyrst.

Ómari Braga var þakkað fyrir kynninguna og hann og UFA fólk yfirgáfu fundinn.

2. Íþróttamaður Akureyrar

Margrét sagði frá stöðunni á undirbúningi fyrir kjör Íþróttamanns Akureyrar. Ákveðið var að hafa hófið miðvikudaginn 16.janúar kl. 17.00 á Hótel KEA.

3. Styrkur vegna stofnunar barna og unglिंगastarfs Keiludeildar Þórs.

Erindi var tekið til umræðu um húsaleigustyrk til Keiludeildar Þórs, sem hefur starfað í 3 ár. Um er að ræða kr. 350 þúsund frá Akureyrarbæ og kr. 250 þúsund frá ÍBA fyrstu 5 mánuði ársins, sem gera 120 þús á mánuði. Samþykkt var að veita þennan húsnæðisstyrk miðað við að þetta sé tímabundin ráðstöfun til greiðslu húsnæðisleigu vegna barna- og unglिंगastarfs og með því skilyrði að ekki verði áfengissala á staðnum á æfingatímum.

4. Starfsreglur ÍBA

Áður framlagðar reglur voru ræddar lagaðar aðeins til og samþykktar. Verða staðfestar með undirskrift á næsta fundi.

5. Önnur mál.

Erindi var kynnt frá formanni ÍRA og íþróttafulltrúa um niðurstöður frá spurningum sem voru sendar á félögin um vangoldin gjöld hjá íþróttafélögunum. Málið var rætt og ákveðið að senda samantekt til ÍRA.

Ákveðið var að senda blóm til KA í tilefni 85 ára afmælis næsta dag.

Erindi barst frá Nökkva. Erindið var rætt við íþróttafulltrúann Ellert og ákveðið var að senda skriflega stuðningsyfirlýsingu ÍBA til Íþróttaráðs, við fyrirhugaða uppbyggingu Nökkva.

Þröstur sagði frá fundum í enda nóvember og byrjun des með Fasteignum Akureyrarbæjar um gervigrasvöll á KA svæðinu.

Komin er tilkynning frá ÍSÍ um dagsetningu á næsta þingi, 19.-20.apríl.

Kjörseðlar á þing Kraftlyftingasambandsins hafa borist en ÍBA hefur atkvæðarétt á þingum sambanda aðildarfélaganna. Umræða var tekin um málið.

Ellert var þakkað fyrir að koma á fundinn og honum slitið kl. 18.46

Margrét Ólafsdóttir, ritari